

Við upphaf 2. bekkjar á nemandi að kunna skil á eftirfarandi:

Reikniaðgerðir

- að þekkja aðgerðarmerkin + - =
- að þekkja tölurnar 0 – 100
- að þekkja hugtökin samlagning/plús, mínus/ frádráttur.
- að skrifa fyrstu 20 tölurnar
- að þekkja raðtölur
- að leggja saman tölur upp í 20
- að draga frá með tölum upp í 20
- að þekkja heilu tímana á klukkunni
- kynnast sléttum tölum og oddatölum
- að þekkja sætisgildin einingu, tug og hundrað
- kynnast notkun vasareiknis

Mynstur og algebra

- geta teiknað mynstur
- geta lokið við mynstur

Rúmfræði og mælingar

- að þekkja ferhyrning, þríhyrning og hring
- að þekkja ferstrending, sívalning og kúlu
- að geta hliðrað og speglað einfaldar myndir

Tölfræði og líkur

- að búa til og lesa úr einföldum töflum og súluritum

Við lok 2. bekkjar á nemandi að kunna skil á eftirfarandi:

Reikniaðgerðir

- aðgerðarmerkin + - =
- að þekkja tölurnar 0 – 1000
- hugtökin summa/samlagning, mínus/mism./ frádr.
- að leggja saman tölur upp í 100
- að draga frá með tölum upp í 100
- að setja upp einföld dæmi
- að nota talnalínu til að kynnast reikniaðg.
- að þekkja sléttar tölur og oddatölur
- kunni á klukku (heill og hálfur tími)
- tímatal (dagar – vikur – mánuðir)
- kunni á kennslupeninga
- að þekkja sætisgildin eining, tug og hundruð
- að nota vasareikni

Mynstur og algebra


- að skoða og mynda talnamynstur
- að vinna með talnarunur

Rúmfræði og mælingar

- kynnist flatarmáli
- að vinna með þyngd og hitastig
- að nota reglustiku, málband og sentíkubba
- að vinna með grunnformin ferning, þríhyrning og hring
- að spegla

Tölfræði og líkur

- að búa til og lesa úr einföldum töflum



Myllubakkaskóli

Vinum saman

Verkferill í stærðfræði

2. bekkur

„Við gerum þetta saman“

Ágætu foreldrar

Í þessum einblöðungi finnið þið þau stærðfræðiatriði sem börnin ykkar eiga að læra á þessu skólaári. Hér er einnig að finna verkferil sem fylgt er í kringum hvert kaflapróf.

Með þessu viljum við auka möguleika foreldra á virkri þátttöku í námi barna sinna. Það hefur margsýnt sig að með þátttöku foreldra aukum við til mikilla muna líkurnar á góðum árangri.

1. Innlögn

Innlögn á efnisatriði/atriðum. Haft er samband við forráðamenn þeirra nemenda sem gætu átt erfitt með að tileinka sér efnispættina. (3 - 4 vikur)

2. Gátlisti fyrir könnun

Nemendur og foreldrar fá gátlista viku fyrir könnun (5 virkir dagar).

3. Upprifjun

Fyrir hvert kaflapróf skulu vera tveir upprifjunartímar, jafnvel fleiri. Kennari metur þörf.

4. Könnun

Viðmið um árangur er eftirfarandi:

Yngsta stig 80%

Miðstig 75%

Unglingastig 70%(eða einstaklings-miðað).

5. Eftirfylgni

Haft er samband við foreldra þeirra nemenda sem ná ekki viðmiðum (miðar heim / verkefnabók).

Nemendur fá viku í upprifjun heima fyrir (og e.t.v. í skóla) áður en kannað er hvort að þau hafi náð að tileinka sér það sem upp á vantar.

6. Gagnabanki

rasmus.is

vefir.nams.is/sproti

vefir.nams.is/krakkasidur

matematikonline.dk